



Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður
Bæjarstjórn

08.03.2022

Húsnæðissjálfseignarstofnun um nemendagarða • Beiðni um niðurrif skúranna • Rökstuðningur

Háskólastofnun Vestfjarða, f.h. óstofnaðrar húsnæðissjálfseignarstofnunar, þakkar Ísafjarðarbæ fyrir vilyrði um lóð við Fjarðarstræti/Aðalstræti. Nemendahúsnæði á þessari lóð mun gera það að verkum að 40 nemendur munu daglega fara um bæinn, nær allir fótgangandi, um Aðalstræti, milli nemendagarðanna og Háskólasturs.

Þessi leið getur orðið að samgönguæð fyrir fótgangendur milli Hæstakaupstaðar og Neðsta kaupstaðar, milli norðurstrandar og Suðurtanga.

Nú liggja fyrir frumdrög að aðaluppdrætti og gera þau ráð fyrir tveim húsum á lóðinni, hvort um sig með tveim einingum fyrir 10 manns hvor. Þessi tvö hús eru sett á lóðina þannig að stígar myndast milli þeirra sem er beint framhald af Aðalstræti og þykir eðlilegt að hann verði tengdur við göngustíg meðfram strandlinu í norðri.

Samráðshópur nemenda og starfsmanna/stjórnarmanna Háskólasturs tekur vel í þessar tillögur arkitekta að lengja Aðalstræti til norðurs að göngustígnum og er til í að opna lóðina fyrir umferð fótgangandi og hjólandi. Ég tel að framtíðar íbúar húsanna gefi með þessu tölувert eftir af lóðinni enda verið að opna leið þvert í gegnum hana fyrir gangandi umferð til að styrkja samgönguleiðakerfi bæjarins. Á sama tíma er leitast eftir því að bæta aðgengi almennings að fjarunni og tengingu milli hjólreiðastígs og miðbæjar, sem og tengingu nýrra nemendahúsa við Hæstakaupstað og miðbæinn. Á það er bent að þessi leið er nú þegar skilgreind sem samgönguleið skv. útvistaráformum bæjarins.

Eins og hefur komið fram eru skúrarnir sem nú eru á lóðinni til vandræða enda erfitt að koma niðurrifskostnaði fyrir í fjármögnumarkerfi HMS. Þess vegna og vegna þeirrar eftirgjafar sem ofanlystur göngustígur þvert í gegnum lóðina er, biður Háskólastrið, f.h. óstofnaðrar húsnæðissjálfseignarstofnunar (hses), um að Ísafjarðarbær taki að sér framkvæmd og kostnað niðurrifs skúranna og skili lóðinni húsalausri, tilbúinni til jarðvegsvinnu.

Virðingarfullst, f.h. óstofnaðs félags um byggingu og rekstur nemendagarða á Ísafirði

Peter Weiss
Forstöðumaður Háskólasturs
weiss@uw.is
450 3045 • 869 3045